



Umsögn um drög að samræmdu skóladagatali leik- og grunnskóla í Garðabæ skólaárið 2019-2020

Á fundum skólaráðs Garðaskóla sem haldnir voru 4. febrúar og 11. mars 2019 lagði skólastjóri fram drög að skóladagatali næsta skólaárs sem unnin voru í samvinnu stjórnenda allra grunnskóla og leikskóla í Garðabæ. Sömu drög voru rædd á kennarafundi í Garðaskóla 26. febrúar 2019.

Skólaráð Garðaskóla hafnar meðfylgjandi drögum að skóladagatali 2019-2020.

Ástæður þess að skóladagatalinu er hafnað eru eftirfarandi:

- Skólaslit eru of seint í júní. Skólum sem útskrifa nemendur úr 10. bekk vorið 2020 ber að skila lokaeinkunnum frá grunnskóla inn í vefkerfi sem notað er við innritun í framhaldsskóla fyrir tilsettan tíma. Allar líkur benda til þess að skilafrestur verði til miðnættis föstudaginn 5. júní 2020. Samkvæmt drögum að skóladagatali Garðabæjar er síðasti skóladagur þriðjudagurinn 9. júní 2020. Starfsfólki Garðaskóla þykir ekki viðeigandi að halda skólastarfi áfram eftir að gengið hefur verið frá lokaeinkunnum úr grunnskóla og þær birtar nemendum og forráðamönnum. Að auki sýnir reynslan að leyfisbeiðnir nemenda eru mjög miklar í júní og því illa farið með skóladaga að fjölga þeim á þessum tíma ársins.
- Starfsfólk Garðaskóla leggur áherslu á að skipulagsdagar að sumri séu þrír í júní og fimm í ágúst. Ef skipulagsdagar væru fimm í ágúst 2019 mætti flytja fyrsta skóladag fram um einn dag, sem myndi þá flytja síðasta skóladag nær skilum á grunnskólaeinkunnum inn í kerfi framhaldsskólanna. Þetta fyrirkomulag hentar engum öðrum grunnskólum í Garðabæ og var hafnað af stjórnendum hinna grunnskólanna í undirbúningsvinnunni við skóladagatalið.
- Skipulagsdögum á skólaárinu (rauðum dögum) er ekki dreift nægilega vel á vikudaga. Þrír þeirra falla á föstudaga og valda því að kennsla á þeim dögum fellur niður í meira mæli en kennsla á öðrum vikudögum.
- Kennarar í Garðaskóla eru á móti því að „dreifa“ vinnu af skipulagsdegi inn á aðra vinnudaga eins og gert er ráð fyrir að gert verði með skipulagsdaginn 21. febrúar 2020. Slík dreifing skapar álag á kennara og hætta er á að vinnutími nýtist mun ver. Erfitt er fyrir kennarahópin að ná samkomulagi sem allir geta sætt sig við um breytt fyrirkomulag á skipulagsdegi sem skráður er á tiltekinn dag í skóladagatalinu: sumir vilja kenna daginn í vetrarfríinu, sumir vilja vinna tvö kvöld í staðinn, sumir vilja vinna laugardag í staðinn – og þeir sem vilja ekki einn af þessum valkostum hafa í raun algjört neitunarvald.
- Kennarafundur og skólaráð Garðaskóla telja sig í raun ekki hafa neitt um frágang skóladagatala að segja þar sem áður framsettar athugasemdir hafa aldrei fengið almennilega svörun. Starfsfólk Garðaskóla er sérstaklega óánægt með þá ríku kröfu sem gerð er um að skóladagatalið sé samræmt milli leik- og grunnskóla þar sem þarfir skólastiganna eru mjög ólíkar. Þær staðreyndir að skipulagsdögum leikskóla hefur verið fjölgað og að leikskólar hafa viljað nýta hálfu vinnudaga sem skipulagsdaga, hafa valdið því að samræma þarf alla skipulagsdaga skólaársins. Krafan um samræmingu



skipulagsdaga eyðir út öllu svigrúmi til sérþarfa í hverjum skóla. Þetta er algjörlega á skjön við þá áherslu sem lögð er á sjálfstæði skóla í Garðabæ.

Skólaráð Garðaskóla bendir á að með því að kenna 22. ágúst 2019 í stað þess að hafa þá skipulagsdag utan skólaárs og kenna eða færa til skipulagsdaga þannig að 2. janúar 2020 sé nýttur í vinnu í stað þess að hafa þá jólaeyfi, er hægt að ljúka skólaári nemenda föstudaginn 5. júní 2020.

Fyrir hönd skólaráðs,

Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla